

Opinn fundur FUM vegna fyrirhugaðrar ráðstefnu um Menntastefnu á vegum FUM vorið 2018  
28. september 2017 kl. 15–16

#### **Fundinn sátu:**

Fulltrúar stjórnar FUM:

- Kolbrún Pálsdóttir formaður
- Annadís G. Rudólfssdóttir
- Birna María Svanbjörnsdóttir (HA) (í gegnum skype)
- Ingvar Sigurgeirsson
- Sólveig Jakobsdóttir
- Steinunn Helga Lárusdóttir

Fulltrúar hagsmunaaðila:

- Atli Harðarson (MVS)
- Edda Óskarsdóttir (MVS)
- Elísabet Pétursdóttir – (Félag fagfólks í frítímaþjónustu)
- Guðbjörg Ragnarsdóttir (Varaformaður Félags grunnskólakennara)
- Hrefna Sigurjónsdóttir (Heimili og skóli)
- Laufey Petrea Magnúsdóttir (Miðstöð skólaþróunar HA) (í gegnum skype)
- Sonja Dögg Pálsdóttir (Mennta- og menningarmálaráðuneyti)
- Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir (Menntavísindastofun HÍ)
- Svandís Ingimundardóttir (Samband íslenskra sveitarfélaga)

**Efni fundar:** Opinn fundur til að ræða fyrirhugaða ráðstefnu á vegum FUM vorið 2018 undir þemanu *Menntastefna*, um það hvernig menntastefna mótast og hver tengsl hennar eru við vettvanginn þar sem litið er til hagnýtingar menntarannsókna. Fulltrúum hagsmunaaðila var boðið í hugarflugsvinnu og í undirbúningsnefnd ásamt félagsmönnum og stjórn félagsins 28. september 2017.

Kolbrún setti fundinn og bauð fólk velkomið til hugarflugsvinnu og þátttöku í undirbúningsnefnd. Hún reifaði hugmyndir um næstu ráðstefnu á vegum FUM sem fyrirhuguð er vorið 2018 (sýndi bókina *Leading Educational change*). Undirbúningsvinna er á byrjunarstigi og markmið ekki fullmótuð.

Nefnd voru atriði eins og:

- Hvort þetta ætti að verða eins dags ráðstefna eða tveggja daga
- Hver markhópurinn ætti að vera (ekki eingöngu akademískir heldur breiður hópur hagsmunaaðila)
- Hvort áherslan ætti að vera eingöngu á íslenska menntastefnu og hvort spegla ætti hana í erlendri (Berglind Rós og Kristín Björnsd. hafa verið í finnsku samstarfi)
- Uppgjör eða framtíðarsýn!
- Framkvæmd menntastefnu („walking the talk“)
- Samstarf/samvinna um menntun
- Menntun í víðu samhengi (formlegt/óformlegt nám)
- Raddir nemenda í námi án aðgreiningar
- Höfum við menntastefnu yfir höfuð?
- Hvaða gagn er af menntastefnu?
- Samhengi og eftirfylgni/stuðningur í innleiðingarferli
- Evrópskur hæfniramma um mat á óformlegri menntun, aðgengi fólks að námi
- Horfa líka til þeirra sem detta út úr formlega menntakerfinu
- Mikilvægt að á ráðstefnunni sé horft til framtíðar!
- Bent á NordForsk verkefni um menntun til framtíðar

Opinn fundur FUM vegna fyrirhugaðrar ráðstefnu um Menntastefnu á vegum FUM vorið 2018  
28. september 2017 kl. 15–16

Fyrir miðjan október þarf að vera búið að:

- Ákveða endanlega dagsetningu
- Setja fram meginþemu og markmið til að vinna eftir
- Ákveða skipulag ráðstefnunnar, m.a. staðsetning: Stakkahlíð eða í skóla?
- Koma með tillögur að fyrirlesurum (framsækin menntastefna til framtíðar – Pasi Sahlberg?)

Kolbrúnu falið að móta drög að kalli í samstarfi við stjórn FUM fyrir næsta fund. Einnig að kanna hvort við getum fengið fulltrúa nemenda inn í undirbúningshópinn. Fundargestir beðnir að leggja höfuðið í bleyti varðandi aðalfyrirlesara og senda hugmyndir til Kolbrúnar.

**Næsti fundur verður 10. október kl. 15-16 í stofu H-202 í Stakkahlíð.**

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Birna Svanbjörnsdóttir, ritari